



HSN Heilbrigðisstofnun
Norðurlands



Undirritaðir: sveitarfélagið Langanesbyggð (hér eftir sveitarfélagið) kt. 420369-1749, Slökkvilið Langanesbyggðar (hér eftir SL), Neyðarlínan ohf. kt. 511095-2559, Heilbrigðisstofnun Norðurlands 551014-0290 (hér eftir HSN) og Björgunarsveitin Hafliði í Langanesbyggð (hér eftir BH) kt. 411281-0359 gera með sér svo fellda

VILJAYFIRLÝSINGU

um að koma á laggirnar og reka Björgunarmiðstöð á Þórshöfn sem hýsi, tæki, búnað og bifreiðar SL og BH, sjúkrabifreið, búningssklefa og önnur rými sem tilheyra. Í miðstöðinni verði einnig stjórnstöð fyrir þá sem sinna neyðarþjónustu: svæðisstjórn, aðgerðarstjórn og veltvangsstjórn.

1. Forsaga

Þeir sem aðild eiga að þessari viljayfirlýsingu hafa um langt árabil búið við afar þröngan kost í húsnæðismálum og starfsemi þeirra dreifð á Þórshöfn. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur gert athugasemdir við húsnæði SL þar sem það rúmar ekki allar slökkvibifreiðar eða allan þann búnað sem SL þarf. BH hefur einnig haft aðsetur í litlu húsnæði sem fullnægir engan veginn þörfum og umfangi starfsemi BH. Í samfélagi eins og Langanesbyggð eru fáir sem sinna margvíslegum hlutverkum og björgunarmiðstöð auðveldar samhæfingu og samvinnu þeirra sem eiga aðild að yfirlýsingu enda.

2. Markmið

Meginmarkmið með viljayfirlýsingu er að ná fram hámarks samhæfingu og samvinnu auk hagræðingar í starfsemi þeirra sem að yfirlýsingu standa. Aðilar eru sammála um að láta vinna nauðsynlega undirbúningsvinnu sem felur í sér þau atriði sem nánar er vikið að í útfærslu þessa verkefnis hér á eftir með langtímahagsmuni í huga

3. Undirbúningur

Þeir sem aðild eiga að þessari yfirlýsingu eru sammála um að mynda undirbúningshóp, skipaðan einum fulltrúa hvers aðila hennar. Hópurinn lætur fara fram þarfagreiningu þar sem koma fram upplýsingar um stærð þess rýmis sem talin er þörf á ásamt kostnaðaryfirliti og frumteikningum af björgunarmiðstöðinni.

4. Fjármögnun og kostnaður

Þeir sem að þessari yfirlýsingu standa gera fyrirvara um eigin fjármögnun verkefnisins og eru á engan hátt skuldbundnir af yfirlýsingu til að leggja fram fjármagn í byggingu eða rekstur í framtíðinni. Undirbúningshópi er ætlaður fjárhagsrammi kr. 1.000.000, sem skiptist á milli þeirra sem að yfirlýsingu standa eftir nánara samkomuagi. Það fé er ætlað til aðkeyptrar þjónustu vegna þarfagreiningar, kostnaðaryfirlits og frumteikninga að björgunarmiðstöðinni. Undirbúningshópnum er ætlað að skila niðurstöðum fyrir 1. apríl 2022.



HSN Heilbrigðisstofnun
Norðurlands



5. Framhald

Verði niðurstaða undirbúningshóps jákvæðar að mati þeirra sem að þessari yfirlýsingu standa taka þeir sjálfstæða ákvörðun um framhald verkefnisins en eru þó á engan hátt skuldbundnir til að halda því áfram. Hugsanlegt samkomulag felur í sér samning um staðsetningu, fjármögnun, skiptingu kostnaðar, eignahlutföll og rekstur.

F.h. Slökkviliðs Langanesbyggðar

Þórunn Þórunn

F.h. Björgunarsveitarinnar Hafliða

Þorsteinn Egir Egiðsson

F.h. Neyðarlínunnar ohf.

Þórunn Þórunn

F.h. Heilbrigðisstofnunar Norðurlands

Jón Helgi Þorsteinsson

F.h. Langanesbyggðar

Jón Helgi Þorsteinsson
Sveitarstjóri
Langanesbyggðar